

Fatlaður á ferðalagi

Ráðstefnan “Ferðapjónusta fyrir
alla” 24. febrúar 2006

Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

Fatlaður á ferðalagi

- “Að ferðast er að lifa” sagði Mark Twain.
- Fatlaðir vilja eins og aðrir lifa lífinu lifandi.
- Fatlaðir vilja ferðast, en það er oft erfitt.
- Það þarf þó ekki að vera svona erfitt ef réttar aðstæður eru skapaðar.

- Ég hef ferðast mikið þrátt fyrir að vera bundin í hjólastól.
- Ég hef ferðast bæði innanlands og utan.
- Aðgengi er lyklatriði. Ég og fjölskylda mín veljum stað, hótél og veitingahús eftir því hvort aðgengi sé fyrir hjólastól eða ekki.

- Mörg veitingahús eru fullkomnlega óaðgengileg fyrir einstakling í hjólastól.
- Stundum þarf bara smá lagfæringar.
- Í kringum hvern fatlaðan einstakling er oft stór hópur fólks, t.d. ættingjar, vinir og aðstoðarfólk.
- Fyrirtæki sem ekki hafa aðgengi missa af viðskiptum.

- Sumum finnst það kannske skrytið en best finnst mér að ferðast um Bandaríkin.
- Þar er víðast mjög gott aðgengi fyrir hjólastól, t.d. í búðum og á hótelum og veitingahúsum og hjá opinberum stofnunum.
- Þessir hlutir eru bara hafðir í lagi því annars þurfa fyrirtækin að greiða háar skaðabætur.
- Kannske vantar okkur svona amerísk lög á Íslandi.

- Það er mun dýrara fyrir fatlaða að ferðast en aðra.
- Margir fatlaðir hafa ekki efni á því að ferðast.
- Það þarf t.d. að borga aðstoðarfólki, leigja hjólastólabíl (mun dýrari en aðrir bílar).
- Takmarkað val, t.d. á hóteli eða áfangastað, oft dýrara.
- Og fleira.

- Þegar fólk í hjólastól ferðast þarf að undirbúa hvert smáatriði löngu áður.
- T.d. tryggja hentugt sæti í flugvélinni, panta aðstoð á flugvöllum, panta hjólastólabíl, panta hótél með aðgengi, fá upplýsingar um vidd á dyrum, innanmál á lyftum, hvort bil sé undir rúminu vegna ferðalyftunnar, hvernig er klósett- og baðaðstaða o.fl o.fl.

Ef eitthvað klikkar, þá er maður í vöndum málum. Ég hef lent í því að þurfa að bíða í heilan dag á flugvelli í Palermo þar sem ekki fékkst neinn hjólastólabíll.

Endaði með því seint um kvöld að við neyddumst til að panta sjúkrabíl, sem flutti mig með sírenum og blikkljósum á hótelið!

- Ég ætla að sýna ykkur nokkur myndbrot frá ferðalögum mínum.

Fyrsta ferðin. Ég og mamma á sjó



Á flugvallarhóтели í London,
(hótelrútan var með skábraut)



Í lest í Washington, ekkert mál



Á ráðstefnu í Washington



Á ráðstefnu í Washington



Gott aðgengi á hótelinu, engar tröppur



Á Mallorca var líka gott aðgengi



Ferðalyfta og sturtuaðstaða er alger nauðsyn



Það þarf að leigja rúmgóðan
bíl vegna hjólastóla, ferðalyftu o.fl.



Fjör á Spáni



Toscana. Muna aõ hafa fartölvuna meõ!





Best að baðströnd sé slétt og
aðgengileg, ekki klettótt



Lagt af stað kringum Ísland á Fíatnum



Bændagisting að Brunnhóli, aðgengi og góð sturtuaðstaða. Kem þangað aftur.



Engin austfjarðapoka hér



Seyðisfjörður sælureitur



Boðin í mat til góðra vina á Fáskrúðsfirði upp á 2. hæð!!





















Vilji er allt sem þarf

Bestu þakkir!